

## *Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið*

---

### *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**  
Sendandi: **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið**  
Dagsetning: **15.05.2020**  
Málsnúmer: **SRN20040076**  
Bréfalykill: **3.1**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um leigubifreiðastjóra - Innlögn atvinnuleyfa - 150. löggjafarþing.

Í 5. mgr. 9. gr. er kveðið á um að leigubifreiðastjóra beri að hefja nýtingu þess innan sex mánaða frá útgáfudegi og að nýta það samfellt í tvö ár áður en til fyrstu innlagnar kemur. Að öðrum kosti falli atvinnuleyfið úr gildi.

Í ofangreindu frumvarpi er lagt til að það skilyrði verði felld niður að leigubifreiðastjórar sem hafa haft atvinnuleyfi skemur en tvö ár geti ekki lagt inn atvinnuleyfi sitt eins og kveðið er á um í 5. mgr. 9. gr. laga um leigubifreiðar. Með öðrum orðum er lagt til að þeir geti lagt inn leyfið á sama hátt og aðrir leigubifreiðastjórar sem hafa haft atvinnuleyfið lengur en tvö ár, sbr. 6. mgr. 9. gr.

Á fundi hjá umhverfis- og samgöngunefnd var ráðuneytið spurt um réttaráhrif þess ef skilyrðið um að aksturinn væri aðalatvinna væri felld brott. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um leigubifreiðar skal leyfishafi atvinnuleyfis vegna leigubifreiðaaksturs hafa aksturinn að aðalatvinnu. Lögin fela í sér tiltekna takmarkanir til dæmis á fyrir fram ákveðnum fjölda atvinnuleyfa til leigubifreiðaaksturs og að aksturinn sé aðalatvinna. Áhrif þess að rýmka skilyrði laganna á þá leið að aksturinn þurfi ekki að vera aðalatvinna yrðu að leigubifreiðastjórar gætu valið um hvort og hversu mikið þeir myndu nýta atvinnuleyfið. Slík breyting myndi hins vegar vera mikil breyting á því kerfi sem gildandi lög kveða á um, en takmörkun atvinnuleyfa gildandi laga felur í sér hámarksfjölda leigubíla á takmörkunarsvæði. Til samanburðar getur hver sem er hvenær sem er opnað verslun. Tilgangur löggjafans með ákvæði um að leyfishafi hafi leigubílaakstur að aðalatvinnu er að tryggja ákveðið framboð á leigubílaþjónustu til almennings. Falli ákvæði um aðalatvinnu í núverandi lögum á brott gætu leyfishafar stundað aðra atvinnu og gripið í leigubílaakstur inn á milli. Sem dæmi ef í stað þess að einu leyfi fylgdi eitt starfsgildi myndi hverju leyfi fylgja 10% vinnuframlag fækkaði bílum á götunni t.d. frá 500 í 50 að meðaltali.

Slík rýmkun á ákvæði um aðalatvinnu myndi þó ekki breyta því að leigubifreiðastjórar yrðu að leggja inn atvinnuleyfið ef þeir ætluðu sér ekki að nýta það. Það væri síðan í höndum Vinnuálastofunnar að túlka áhrif slíks á rétt til atvinnuleysisbóta eða hlutabóta.